

Mál nr. 51/2012
M
og
vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður slasaðist við að slípa samskeyti á álstykki.

Gögn.

23. Málskot, móttekið 6.2.2012, ásamt fylgigögnum.
24. Bréf X, dags 20.2.2012.

Málsatvik.

Hinn 24.1.2011 var M að störfum í vélsmiðju V. Vann hann við að slípa samskeyti á álstykki. Við verkið notaði hann rafknúinn slípirokk með gróftenntu trésagarblaði. Festist þá blaðið í álstykkinu og við það mun slípirokkurinn hafa kastast af miklu afli í brjóstkassa M og síðan lent á handarbaki vinstri handar og skorist þar djúpt niður.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins er haft eftir verkstjóra hjá V að slípirokkur sá sem M notaði sé of öflugur og að loftrokkur henti betur til verksins. Þar kemur einnig fram að slípirokkurinn sem M notaði hafi verið alveg nýr og í góðu ástandi. Í öryggisleiðbeiningum frá framleiðanda rokksins segir að í hann megi hvorki setja trésagarblöð né tennt blöð. Að mati Vinnueftirlitsins var talið að rekja mætti slysið til þess að trésagarblað hafi verið notað sem slípiskífa framan á rokkinn, ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum framleiðanda um bann við notkun á tenntum slípiskífum og verklagsreglur hafi ekki verið til staðar þrátt fyrir ákvæði um slíkt í áhættumati. Þá var í umsögninni m.a. vísað til 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, en ákvæði þessi fjalla um áhættumat og forvarnir á vinnustað í tengslum við notkun tækja.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveðst X hafa eftir V að engar rökréttar skýringar liggi fyrir hvers vegna framleiðandi slípirokksins banni notkun tennta skífa, en framleiðendur annarra sambærilegra slípirokka banni ekki slíka notkun. Þá hafi í upphafi verks verið ljóst að engin venjuleg tæki dygðu til verksins og annar aðili sem hefði unnið sama verk um árabíl hefði framkvæmt það á sambærilegan hátt.

Álit.

Að mati Vinnueftirlits ríkisins mátti rekja slysið til þess að í slípirokkinn var notað trésagarblað sem framleiðandi rokksins hafði bannað að notað væri. Þá hafi skort verklagsreglur um framkvæmd verksins í áhættumati. Var því ekki gætt ákvæða 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Þrátt fyrir staðhæfingar V um að ekki hafi verið unnt að vinna verkið með öðrum hætti en gert var hefur mati Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins ekki verið hnekk. V ber ábyrgð á því sem úrskæiðis fór við framkvæmd verksins og tjónið telst því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Ekki eru efni til að skerða bætur til M vegna hugsanlegrar meðábyrgðar hans.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. mars 2012.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.